

# STJÓRNARTÍÐINDI B 143 – 2003

19. desember 2003

2805

Nr. 966

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Reykjavík.

*Fiskislóð 1, 3 og 5-9.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 25. nóvember 2003, deiliskipulag fyrir Fiskislóð 1, 3 og 5-9.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 19. desember 2003.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**

19. desember 2003

Nr. 967

## REGLUR

### um úthlutun andvirðis beingreiðslna af 7500 ærgildum á árunum 2003–2004.

1. gr.

*Markmið o.fl.*

Ríkissjóður greiðir andvirði árlegra beingreiðslna af 7500 ærgildum sem keypt voru samkvæmt ákvæði 2.3 í samningi um framleiðslu sauðfjárafurða dags. 11. mars 2000 í þeim tilgangi að styrkja svæði á landinu sem eru sérstaklega háð sauðfjárrækt og möguleikar á annarri tekjuöflun eru takmarkaðir. Grunnfjárhæð er miðuð við beingreiðslur í desember 2001.

2. gr.

*Heildargreiðslur.*

Heimilt er að verja allt að 37 milljónum króna á ári 2003-2004 til greiðslna samkvæmt 1. gr. Fjárhæðirnar skulu breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu í desember 2003, 230 stig.